

Fundargerð

23. september 2020

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

23. september 2020

Árið 2020, 23. september kl. 13:30 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk Tinnu Dahl Christiansen sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestir fundarins:

- **Undir lið 1:** Einar Birkir Einarsson sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Pétur Berg Matthíasson sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, Arnheiður Ingjaldsdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Fjóla María Ágústsdóttir breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.
- **Undir lið 2:** Björn Þór Hermannsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Eiríkur Benónýsson sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Samtal um stafræna þróun ríkis og sveitarfélaga – hvernig er samstarfinu best hagað?

Framkvæmdaráð um eflingu stafrænnar þjónustu hins opinbera flutti erindi sitt fyrir nefndina. Vinnan hjá ríkinu byggir á aðgerðaráætlun sem ríkisstjórnin samþykkti í lok maí 2019, sú áætlun byggði m.a. á greiningu sem birtist í fjármálaáætlun 2020-2024. Til að halda utan um þessa áætlun var sett á fót framkvæmdaráð sem er skipað fulltrúum frá forsætisráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Aðgerðaráætlunin er í 8 liðum og snýr að helstu þáttum sem stjórnvöld leggja áherslu á að ljúka fyrir lok árs 2020.

Fjóla María fór yfir kynningu sína sem bar heitið „Ísland skipi sér í allra fremstu röð í heiminum í stafrænni þjónustu“. Greindi hún frá því að búið væri að setja á fót

faghóp sem vinnur að því hvernig sveitarfélögin geta unnið saman að sameiginlegum lausnum. Stafrænt ráð hefur verið stofnað hjá sveitarfélögunum sem skipað er yfirstjórnendum úr öllum landshlutum til að styðja við þátttöku sveitarfélaga á öllu landinu í miðlægu samstarfi. Lagði hún áherslu á að það þyrfti að vera öflug samvinna á milli ríkis og sveitarfélaga með eina heildræna stafræna stefnu til að koma í veg fyrir sóun fjármagns.

2. Samkomulag á grundvelli LOF – drög

Framhald á umræðu síðasta fundar þar sem sömu drög lágu fyrir fundinn um samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2020-2024 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Tekin var ákvörðun um að boða til annars fundar á sama tíma á morgun 24. september kl. 13:30 til að halda umræðunni áfram. Unnið yrði í orðalagi samkomulagsins þangað til.

3. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 24. september kl. 13:30.

Fundi var slitið kl. 14:48.

-TDC-